

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur verður frá 1. janúar til 31. maí 1988 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk, sem framleiddur verður frá 1. janúar til 31. maí 1988 nema annað verði ákveðið.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	2,77
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,56
Hálfrhreinsaður	1,26
Rauður og brotinn	1,55

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir freðfisk.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið ákveðið, að sá verðgrundvöllur fyrir freðfisk, sem tók gildi 1. október 1987 og gilda átti til 31. desember 1987, verður framlengdur til 31. janúar 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.